STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1979

AUGLÝSING

um bráðabirgðasamkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og St. Lucia.

Með erindaskiptum 21. og 27. febrúar 1979 milli breska sendiráðsins í Reykjavík fyrir hönd ríkisstjórnar St. Lucia og utanríkisráðuneytisins hefur verið ákveðið að gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana Íslands og St. Lucia skuli haldast með stoð í samningi Íslands og Bretlands uns nýr samningur verður gerður við ríkisstjórn St. Lucia.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 14. mars 1979.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, o. fl.

Hinn 10. janúar 1979 var undirrituð í Reykjavík niðurstaða viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um heimildir annars vegar Íslendinga til kolmunnaveiða innan fiskveiðimarka Færeyja og hins vegar Færeyinga til kolmunna- og loðnuveiða við Ísland. — Niðurstaðan var staðfest af Alþingi hinn 14. mars s. l. og hefur samkvæmt ákvæðum sínum takmarkaðan gildistíma.

Þá var einnig áðurnefndan dag undirrituð bókun varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland, þ. e. handfæra-, línu- og togveiða, þar sem kveðið er á um breytt orðalag almennra ákvæða í niðurstöðu viðræðna frá 20. mars 1976 (augl. í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 9/1976) um veiðar þessar.

Niðurstaðan og bókunin eru birtar sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 16. mars 1979.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.